



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

FUNDUR - 7. febrúar 2006

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 84. fundar þriðjudaginn 7. febrúar 2006 kl. 17:00 á bæjarskrifstofu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Fundinn sátu undirrituð.

Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 25. janúar.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 1. febrúar.
3. Fundargerð fræðslu,- íprótta- og tómstundanefnd frá 26. janúar.

Forseti setti fundinn og bauð 10. bekk Grunnskólans velkominn til fundarins.

Afgreiðslur:

1. Fundargerð 150. fundar bæjaráðs í 9 liðum frá 25. janúar kynnt og tekin til umræðu og afgreiðslu. Óskað var svohljóðandi bókununar.
“Bæjarstjóra falið aðóska eftir greinargerð frá Hjallanesi ehf. um framvindu veiða byggðakvóta það sem af er fiskveiðíárinu og hvernig fyrirtækið hyggist efna samning við Norðurós ehf. sbr. Lið 1.a. í úthlutunarreglum sveitarfélagsins”. Bókunin borin upp og samþykkt með 7 atkv. alls. Lið 8, 3ja ára fjárhagsáætlun 2007 – 2008 – 2009. Fyrirliggjandi gögnum vísað til síðari umræðu á næsta bæjarstjórnarfundum með samhljóða 7 atkv. Þá var fundargerðin að öðru leyti borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
2. Fundargerð 151. fundar bæjarráðs í 10 liðum frá 1. febrúar kynnt og tekin til umræðu og afgreiðslu. Fram var lögð svohljóðandi tillaga vegna 5. liðar.
“Bæjarstjóri lagði fram minnisblað dags. 7. febrúar 2006 en þar koma m.a. fram nýjar upplýsingar um málið. Í ljósi þess er lagt til að vísa málinu aftur til bæjarráðs”.
Valdimar Guðmannsson óskaði eftir svohljóðandi bókun vegna 5. liðar.
“Tel forseta bæjarstjórnar vanhæfan að fjalla um beitolönd H1 og H2”.
Tillagan borin upp og samþykkt með 5 atkv. 2 sátu hjá.
Þá var lögð fram svohljóðandi tillaga.
“Bæjarstjórn Blönduóssbæjar samþykkir að nýta til fulls heimild Launaneftdar sveitarfélaga frá 28. janúar sl til leiðréttingar á lægstu launum. Leiðréttingin skal gilda frá 1. janúar 2006 og koma skal til greiðslna eigi síðar en 1. mars n.k.. Þeim starfsmönnum sem hækkunin nær til verða kynntar kjarabreytingarnar sérstaklega þegar sú vinna hefur farið fram”.
Tillagan borin upp og samþykkt með 7 atkv. samhljóða. Þá var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.
3. Fundargerð fræðslu,- íprótta- og tómstundanefndar frá 26. janúar í 2 liðum kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkv. samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:30

Valgarður Hilmarsson
Valdimar Guðmannsson
Ágúst Þór Bragason

Ragnar Ingi Tómasson

Anna Margrét Jónsdóttir
Þórdís Hjálmarsdóttir
Guðmundur Ingbórsson
Sigurður Jóhannesson
Jóna Fanney Friðriksdóttir